

# ÁRANGURSSTJÓRNUNARSAMNINGUR

## milli umhverfisstjórnunarsamningi og Veðurstofu Íslands

### I. Tilgangur

Með samningi þessum er kveðið á um gagnkvæmar skyldur umhverfisstjórnunarsamningis og Veðurstofu Íslands við útfærslu á lögbundnu hlutverki stofnunarinnar. Tilgangurinn er að festa í sessi ákveðið samskiptaferli milli ráðuneytisins og stofnunarinnar ásamt því að leggja grunn að áætlanagerð og mati á árangri af starfsemi hennar. Með áætlunum sem samkomulagið kveður á um er mótuð stefna til næstu ára. Þessar áætlanir eru stefnumörkun Veðurstofu Íslands, verkefnaáætlun og rekstraráætlun.

Samningurinn breytir í engu ábyrgð ráðherra gagnvart Alþingi á rekstri stofnunarinnar eða þeim skyldum sem stofnunin hefur samkvæmt lögum. Þá ber stjórnvaldsábyrgð ráðherra með sér að hann getur felld samninginn úr gildi ef ekki er staðið við ákvæði hans.

### II. Hlutverk Veðurstofu Íslands

Veðurstofa Íslands er ríkisstofnun undir yfirstjórn umhverfisstjórnar. Stofnunin starfar eftir lögum nr. 70 frá 11. júní 2008.

#### Verkefni Veðurstofu Íslands samkvæmt lögum eru:

- að annast vöktun vegna náttúruvár og gefa út viðvaranir og spár um yfirvofandi hættu af völdum veðurs og veðurtengdra þátta, jarðskjálfta, eldgosa, hlaupa, vatnsflóða og ofanflóða
- að sjá um rekstur veðurfræðilegra grunnkerfa og annast veðurþjónustu, sbr. lög um veðurþjónustu
- að annast almennar kerfisbundnar vatnamælingar í ám, stöðuvötnum, lónum, strandlónum, strandsjó og grunnvatni, þ.m.t. mælingar á rennsli, vatnshæð, vatnshita, aurburði og öðrum eðlis- og efnafræðilegum eiginleikum vatns
- að annast mælingar á snjóalögum og jöklabúskap og kortlagningu á ísalögum fallvatna og stöðuvatna
- að annast mælingar á hvers kyns jarðhræringum, jarðspennu, kvíkuhreyfingum og hægum jarðskorpuhreyfingum, auk þess að safna upplýsingum um eldgos og öskufall
- að gera athuganir og mælingar á mengun í lofti, úrkomu og vatni
- að annast langtímarannsóknir á vatnsauðlindinni, eðli hennar og skilyrðum til nýtingar samkvæmt samningi við viðeigandi stjórnvöld
- að annast skráningu, varðveislu og miðlun gagna á starfssviði stofnunarinnar
- að kortleggja veðurfar landsins og fylgjast með loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra á þátt náttúrunnar sem stofnunin á að vakta
- að kortleggja stöðuvötn og vatnsfarvegi landsins og gera vatnafars- og flóðakort
- að kortleggja jarðskjálftavirkni landsins og fylgjast með breytingum á jarðskjálftavirkni
- að sinna verkefnum á sviði ofanflóðavarna, sbr. lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum

- að vinna hættumat vegna náttúruhamfara að beiðni almannavarnayfirvalda eða annarra stjórnvalda
- að vinna að rannsóknum á starfssviðum stofnunarinnar er hafi það að höfuðmarkmiði að auka þekkingu á ýmsum eðlisþáttum lofts, láðs og lagar, auka þekkingu á vatnafari, veðurfari og jarðskjálftavirkni landsins, bæta þjónustuna og auka hæfni stofnunarinnar til að láta í té upplýsingar í þágu atvinnulífs, öryggismála, sjálfbærrar nýtingar auðlinda og annarra þarfa landsmanna
- að annast samskipti við Alþjóðaveðurfræðistofnunina og önnur milliríkjasamskipti innan verkahringis stofnunarinnar
- að vera ráðuneytinu og öðrum stjórnvöldum til ráðgjafar um málefni á verkswiði stofnunarinnar
- önnur verkefni sem ráðherra felur stofnuninni sérstaklega.

### III. Markmið og áherslur

Stefna og markmið Veðurstofu Íslands eru skilgreind í fylgiskjali sem nefnist “**Stefnumörkun VÍ 2011-2014**” og er hluti af samningi þessum.

Einnig er meðfylgjandi fylgiskjal sem nefnist “**Verkefnaáætlun VÍ 2011**”. Þar eru settir fram mælikvarðar sem mæla árangur verkefna Veðurstofu Íslands. Skjal þetta mun taka breytingum á hverju ári í samræmi við þróun þá sem leiðir af framkvæmd og eftirfylgni markmiðanna.

### IV. Ábyrgð og skyldur Veðurstofu Íslands.

Veðurstofa Íslands skal annast þau verkefni sem stofnuninni eru falin skv. lögum og reglugerðum.

Fjármálastjórn Veðurstofu Íslands skal vera í samræmi við verklagsreglur fjármálaráðuneytisins um framkvæmd fjárlaga, rekstur og stjórnun ríkisstofnana í A-hluta svo og ákvæði laga nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins.

Veðurstofa Íslands skuldbindur sig til að haga rekstri sínum þannig að útgjöld séu innan fjárheimilda og fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt.

Veðurstofa Íslands skal gera áætlun um rekstur sinn og viðfangsefni fyrir eitt ár í senn.

Veðurstofa Íslands skal 1. desember ár hvert skila ráðuneytinu ársáætlun fyrir næsta ár sem innihaldi bæði rekstraráætlun fyrir komandi ár, verkefnaáætlun þar sem tiltekin eru markmið og mælikvarðar innan ársins á grundvelli langtímaáætlunar.

Veðurstofa Íslands skal í upphafi árs skila inn niðurstöðu verkefnaáætlunar liðins árs og hvernig stofnuninni gekk að ná þeim markmiðum sem sett voru fyrir undangengið ár.

Veðurstofa Íslands vinnur að jafnri stöðu kynjanna í starfi sínu.

### V. Ábyrgð og skyldur ráðuneytis.

Umhverfísráðuneytið skal kynna Veðurstofu Íslands tímanlega nýmæli og breytingar á lögum og reglum sem varða starfsemi stofnunarinnar og hafa samráð um mat á kostnaði vegna slíkra breytinga.

Ráðuneytið leggur mat á árangur Veðurstofu Íslands um framkvæmd þeirra verkefna sem samningurinn kveður á um. Mat þetta skal liggja fyrir eigi síðar en mánuði eftir að stofnunin hefur skilað inn gögnum fyrir undangengið ár.

Stefnt skal að því að halda árlega sérstakan fund með forstjóra Veðurstofu Íslands um málefni sem varða forstjóra sérstaklega.

#### **VI. Gagnkvæmar skyldur**


Mikilvægt er að fjárveitingar til starfseminnar séu nægjanlegar til að stofnunin geti sinnt skyldum sínum, þróað starfsemina og búið við góða starfsaðstöðu. Í sameiningu munu samningsaðilar vinna að því að styrkja fjárhagslegan grundvöll stofnunarinnar.


#### **VII. Gildistími og endurskoðun samnings**

Samningurinn tekur gildi við undirritun og getur hvor aðili um sig óskað eftir endurskoðun samningsins.

Samningur þessu er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu.

Reykjavík, 21. desember 2010.

  
Svandís Svavarsdóttir  
umhverfísráðherra

  
Arni Snorrason  
forstjóri